

Ár 2008, þriðjudaginn 11. mars, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærúmál nr. 01/2008.

**Kærandi er Handknattleiksdeild Hauka. Kærðu eru handkn.deild Fram og HSÍ.  
Kærð eru úrslit í úrslitaleik deildarbikars karla sem leikinn var þann 29.12.07 í  
Laugdardalshöll.**

Mál þetta var höfðað með kæru sem móttekin er á skrifstofum HSÍ dags. er 26. jan. 2008, kl. 15:00.

Málið var tekið fyrir af dómstól HSÍ og fékk Jóhannes A. Sævarsson hrl. málið til meðferðar eftir að dómstólinn mat það tækt til meðferðar. Hafði Fram þá skilað inn greinargerð í málinu. Smári Hilmarsson hdl. tók við málinu þann 03.03.08 eftir að Jóhannes úrskurðaði sig vanhæfan í málinu.

Þinghald var haldið þann 03.03.08, og lagði HSÍ þá fram greinargerð. Var ákveðin aðalmeðferð þann 11.03.08 kl. 12:15.

Aðalmeðferð fór fram þann 11. mars 2008, kl. 12:15. Engar skýrslur voru teknar við aðalmeðferð.

Skv. efni kærunnar kærir Hkn.deild Hauka (Haukar) Hkn. deild Fram (Fram) og HSÍ.

Kæruefnið og kröfugerð Hauka er á þá leið að úrslit ofangreinds leiks Hauka og Fram verði ógilt og að leikurinn verði endurtekinn.

Í kærinni er lýsing helstu málavaxta og vísað í formhlið og efnishlið málsins. Við munnlegan málfutning féllu Haukar frá öllu er varðar formhlið málsins.

Viktor Pálsson flutti málið f.h. Hauka. Við munnlegan málfutning Hauka kom fram að félagið teldi ríka áherslu að láta á málið reyna þar sem það snúist um meira en bara þennan eina leik. Byggðist málfutningur Hauka á því að þau mistök, sem allir aðilar þessa máls voru sammála um að hefðu gerst, þ.e. að mark var tvískráð á Fram í upphafi leiks, væru á ábyrgð starfsmanna leiksins og HSÍ, en ekki dómara leiksins. Telja Haukar að þessi mistök hafi haft afgerandi áhrif á þróun leiksins og bein áhrif á úrslit hans og hefði hann því spílast með öðrum hætti hefðu mistökin verið leiðrétt. Haukar hefðu gert athugasemdir um mistökin við dómara leiksins meðan á honum stóð, án þess að dómara hefðu brugðist við.

Kjartan Ragnarsson flutti málið f.h. Fram. Mótmælti hann að mistök þau sem gerð voru við skráningu hafi haft þau áhrif á leikinn sem kærandi heldur fram. Mistökin geti ekki hafa haft meiri áhrif á lokamínútur leiksins, frekar en byrjun hans. Vísaði Fram til þess að eftirlitsdómari hafi verið á leiknum, sem hafi haft það hlutverk að

fylgjast með framkvæmd hans. Gerðar hafi verið athugasemdir meðan við umrætt atvik meðan á leik stóð, án þess að skráningunni hafi verið breytt. Eftir leikinn hafi dómara og eftirlitsmaður staðfest leikskýrslu. Gera verði þá kröfu til dómara og eftirlitsmanns þess efnis að þeir fylgist með því sem fram fer meðan leikur standi. Þessa kröfu megi einnig gera til kæranda, og að þeim athugasemdum sé fylgt eftir meðan leikur standi yfir. Vísaði Fram til atviks sem gerðist í leik í efstu deild kvenna fyrir stuttu, en þá var mark tvískráð á annað liðið. Gerðar voru ath. semdir við misskráninguna og hún leiðrétt af dómurum og eftirlitsmanni í kjölfarið.

Davíð Gíslason flutti málið f.h. HSÍ. Kom fram í máli hans að leikskýrsla leiksins, sem undirrituð var af dómurum og eftirlitsmanni, hefði að geyma samsvarandi misritun og kom fram á stigmatöflu. Skv. leikskýrslu HSÍ urðu endanleg úrslit leiksins 30 gegn 28, Fram í hag, eins og stigataflan gaf til kynna í lok leiks. HSÍ vísaði til þess að dómara leiksins beri ábyrgð á talningu marka, en ekki starfsmenn á ritaborði. Það sé því hlutverk dómara að leiðrétta mistök við skráningu marka. Framkvæmd á skráningu sé hjá riturum, en ábyrgðin sé alfarið dómara leiksins. Beri dómara ábyrgð á allri framkvæmd leikja, m.a. hvað varðar tímavörslu. Mistök geti átt sér stað á öllum sviðum, mark dæmt sem ekki er löglegt, og öfugt, allt þetta sé á ábyrgð dómara hvers leiks. Í raun sé um aukaatriði að ræða hvernig mistök gerð eru í hverjum leik. Í þessum tilvitaða leik sem mál þetta snýst um hafi verið gerð mistök, um það séu allir sammála, en slík mistök séu hluti af leiknum eins og önnur mistök sem áttu sér stað við beina dómgæslu. HSÍ harmi að þessi mistök hafi gerst, en þau séu hluti af leiknum. Öll framkvæmd sé á ábyrgð dómara, ritara og tímaverðir séu starfsmenn dómara í hverjum leik og á þeirra ábyrgð. Leikskýrslan hafi verið undirrituð að leik loknum af dómurum, sem þannig hafi endanlega staðfest úrslit þau sem fram koma á leikskýrslu.

Að loknum munnlegum málfutningi lögðu aðilar málið í dóm.

### **Niðurstaða:**

Ljóst er að mistök voru gerð við skráningu marka í úrslitaleik deildarbikarkeppni HSÍ sem leikinn var þann 29.12.07, með þeim hætti að mark var tvískráð á Fram í upphafi leiks, ca. á 10 – 12 mínútu fyrri hálfleiks.

Skv. grein 17.9 í leikreglum HSÍ eru dómara ábyrgir fyrir skráningu marka. Það er niðurstaða dómsins að mistökin séu á ábyrgð dómara leiksins, og séu því hluti af leiknum í heild. Ekki sé hægt að skilja á milli dómara og tímavarða, þannig að líta megi þannig á að mistök tímavarða við skráningu geti valdið því að úrslit leiks verði ógidlanleg. Mistök af þessu tagi eru hluti leiksins, og á ábyrgð dómara. Aldrei er hægt að komast hjá mannlegum mistökum í leikjum, og ekki er hægt að flokka mistök sérstaklega eftir tegund eða eðli, þannig að ein tegund mistaka geti valdið því að úrslit

leiks geti verið ógildanleg, frekar en önnur mistök sem dómara gera. Ákvörðun dómara í hverjum leik eru endanleg og ekki kæránleg, af hvaða toga sem þau mistök geta verið. Mistök dómara geta að sjálfsgöðu haft áhrif á þróun leikja, á hvaða tíma leiks sem er. Mistök dómara, sem og leikmanna og annarra sem að leik koma eru hluti leiksins, og hafa því öll atvik leiks áhrif á þróun og úrslit leikja.

Það er því mat dómsins að hafna beri kröfu Hauka um að úrslitaleikur karla í deildarbikarkeppni HSÍ sem leikinn var þann 29.12.07 verði endurleikinn og að úrslitin verði ógilt.

### **DÓMSORÐ:**

Hafnað er kröfu Hauka þess efnis að úrslit leiks Hauka og Fram í úrslitum deildarbikarkeppni HSÍ sem fram fór þann 29.12.08 verði ógilt og að leikurinn verði endurtekinn.

sign

Smári Hilmarsson